Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréfa- og málasafn 1967, innlend málefni

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Bréf – G. S. Thorvaldsson – Gunnar Sigurðsson – Hannes Kjartansson og Halldóra – Magnús V. Magnússon – Nikolai Vazhnov og Þórbergur Þórðarson – Sigurður Ágústsson – Þórunn og Sveinn Þórðarson – Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins – Franz Siemsen – Svanur Sigurðsson

# Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

*Einkaskjalasafn nr. 360*
*Stjórnmálamaðurinn*
Askja 2-34, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Herra forsætisráðherra
Íslands

Bjarni Benediktsson

Reykjavik, 26.október 1967

Herra forsætisráðherra,

Í tilefni 50. afmælis Októberbyltingarinnar efnir félagið MÍR og sendiráð Sovétríkjanna á Íslandi til hátíðasamkomu í Háskólabíói mánudaginn 6.nóvember kl. 21.00. Samkomunni lýkur með tónleikum sovézkra listamanna.

Það væri okkur mikill heiður ef þér, herra forsætisráðherra, sæjuð yður fært að sitja þessa samkomu.

Vér notum tækifærið, herra forsætisráðherra, til að láta í ljós vora einlægustu vírðingu.

Varaforseti MÍR
Þórbergur Þórðarson.
Þórbergur Þórðarson

Ambassador Sovétríkjanna
á Íslandi
Н. Важнов
Nikolai P.Vazhnov

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SENDIRÁÐ ÍSLANDS
BAD GODESBERG

Bad Godesberg, 7. nóvember 1967.

Kæri forsætisráðherra,

Ég leyfi mér að senda þér nokkrar lit ljósmyndir, sem teknar voru þegar þú heimsóttir Bundesratspräsident Lembke, forsætisráðherra Schleswig Holstein, og eins í kvöldverðarboði ykkar Sigríðar. Þessar myndir hafa verið alllengi í afgreiðslu, því að ég pantaði þær skömmu eftir að þið fóruð heim á leið til Íslands, en þær voru fyrst afhentar hér í sendiráðinu í dag.

Með kærri kveðju.

Þinn einlægur,

Magnús V. Magnússon

Herra forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Sig. Ágústsson*

ÚTGERÐ - VERZLUN - FRYSTIHÚS

Símnefni: ÁGÚSTSSON
SÍMAR: 1-8-21-49-93-121

P.t. Reykjavík, 21. desemb. 1967.
STYKKISHÓLMUR,

Forsætisráðherra Doktor Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Kæri vinur,

Mér þykir leitt að þurfa að ónáða þig með málefni, sem þú að sjálfsögðu telur að aðrir góðir menn ættu að leysa, án þess að til þín sé leitað um aðstoð.

Eftir óvenju óhagstætt árferði og nú erfiðar undirtektir hjá viðskiptabanka mínum, sem ávalt hefir reynt að veita mér þá þjónustu í sambandi við atvinnurekstur minn, að hann hefir getað gengið árekstrarlaust, virðist mér nú af hálfu bankans vera beitt öðrum og harðari aðgerðum, en áður hefir þekkst.

Með bréfi mínu til Útvegsbankans dags. 18. þ.m. bað ég bankann að kaupa tvo víxla, hvorn að upphæð 100 þús. kr., fyrir tvo af sex fiskibátum, sem munu leggja upp afla sinn hjá frystihúsi mínu í vetur. Það skal viðurkennt, að bátar þessir hafa fengið rekstrarlán sín hjá bankanum, en sem reynast langt of lítil, ef bátarnir eiga að geta aflað sér veiðarfæra og annara hluta til úthaldsins fyrir aðalvertíð ársins - og sem ekki er á boðstólum nema gegn staðgreiðslu. Annar þessara báta hefir lagt í kostnað, að fá nýjan stýrisútbúnað og öll veiðarfæri til trollveiða - og nemur sá kostnaður yfir 260 þús. kr. Ekki sá bankinn sér fært að létta undir með eigendum bátsins með að lána innan við 40% af þessum kostnaði til skamms tíma. Þessi vinnubrögð eru afleit og ekki hægt að beita þeim gagnvart atvinnuvegi, sem hefir undanfarin ár séð þjóðinni fyrir 90-95% af þeim gjaldeyri, sem aflast fyrir útfluttar afurðir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. ( Framh. af bréfi til forsætisráðherra 21/12.)

Ýmislegt angrar mann í slæmu árferði. Það sem veldur mér þó mestum áhyggjum, eru rúmar 100 smál. af skreið, sem er að verðmæti um 3 millj.kr., á eldra gengi - og í þessari afurð á ég, auk veðlána, fasta fjárhæð, sem nemur 1,2 millj. kr. Ríkisstjórnin hefir enn ekkitreyst sér til að sinna óskum skreiðarframleiðenda með einhverja aðstoð - líkt því sem ríkisstjórnin norska hefir látið skreiðarframleiðendum í Noregi í té, því þeir hafa búið og búa við sömu örðugleika og við hér heima, hvað þessu framl. snertir.

Þú afsakar það, vinur minn, að ég skuli vera að ónáða þig með þessum línum, en eins og þér mun vera ljóst, er mér það mikið kappsmál að geta á eðlilegan hátt látið bátana hefja róðra strax upp úr áramótunum, þar sem aflabrögð hafa verið sæmileg vestra, þegar gefið hefir á sjó.

Erfiðleikarnir á Snæfellsnesi eru óvenju miklir, þar sem hraðfrystihús á vegum Sambandsins í Stykkishólmi, Grundarfirði og Olafsvík hafa hætt starfsemi - og enn óvíst um rekstur þeirra á komandi vetrarvertíð.

Með beztu óskum til þín og fjölskyldunnar um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Við hjónin þökkum ykkur vináttu alla á liðnum árum.

Þinn einlægur,

Sig. Ágústsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SENDIRÁÐ ÍSLANDS
BAD GODESBERG

Bad Godesberg, 19. september 1967.

Kæri forsætisráðherra,

Ég leyfi mér að senda þér hér með ljósrit af bréfi hr. Franz Siemsen, ræðismanns í Lübeck, dags. 12. þ.m., sem beið mín hér, þegar ég kom aftur til Bad Godesberg.

Ég vona að ferð ykkar áfram til Íslands hafi gengið að óskum og leyfi mér að þakka ykkur hjónum fyrir ánægjulegar samverustundir meðan hin opinbera heimsókn ykkar hjóna í Þýzkalandi stóð yfir.

Með beztu kveðjum,

Þinn einlægur

Magnús V. Magnússon

Herra forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson,
Forsætisráðuneytið,
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ISLÄNDISCHES KONSULAT

24 LÜBECK, 12. september 1967
Körnerstraße 18
Postfach 1938
Telegr.-Adr.: KOLONIAL
Neue Tel.-Nr. 54075

16/9/67
1. B. 3. a.

Herra ambassador
Magnús V. Magnússon
Bad Godesberg

Viðv. heimsókn forsætisráðherra Íslands, dr. Bjarna Benediktssonar, til Sambandslýðveldisins Þýzkalands.

Kæri herra ambassador!

Í símtali við yður í lok ágústmánaðar, er ég hafði frétt um hina væntanlegu heimsókn forsætisráðherrans, spurðist ég fyrir um, hvort möguleikar væru á því, að forsætisráðherrann hefði viðkomu í Lübeck.
Svar yðar var því miður neitandi. Tjáðuð þér mér að búið væri að ganga frá ferðaáætluninni og því ekki hægt að bæta inn í nýjum dagskrárliðum, og er það skiljanlegt. En mér hefði þótt mjög vænt um heimsókn forsætisráðherrahjónanna, og ég veit að stjórn og forráðamönnum Hansaborgarinnar Lübeck hefði verið mikill heiður og sönn ánægja að taka á móti forsætisráðherra Íslands, enda sýnir Lübeck, "Das Tor zum Norden", ávallt mikinn áhuga á samskiptum við Norðurlöndin, ekki sízt við Ísland.

Bið ég yður, herra ambassador, vinsamlegast um að skýra forsætisráðherranum frá þessu og færa honum um leið mínar beztu kveðjur. Óska ég þeim hjónum í alla staði mjög ánægjulegrar dvalar í þessu landi, svo og að heimsóknin verði landi okkar til gagns og blessunar!

Með sérstakri virðingu og beztu kveðjum
yðar einlægur

Franz Siemsen

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

PERMANENT MISSION OF ICELAND
TO THE UNITED NATIONS

25. maí 1967

Góði vinur Bjarni,

Strax við móttöku bréfs þíns frá 17. maí, gerðum við ráðstafanir til þess að fá þær bækur, sem þú baðst um.

Bækurnar eru nú tilbúnar og fara með stjórnarpóstinum í dag.

Samkvæmt ósk þinni, sendist hér með yfirlit yfir reikning þinn hjá mér. Bréfið skýrir sig sjálft.

Ef það er eitthvað, sem þú eða frú Sigríður þarfnist héðan, vona eg að þú látir okkur vita.

Með beztu kveðjum til þín og frú Sigríðar frá okkur Elínu.

Þinn einl.
Hannes Kjartansson

Hr. forsætisráðherra
Bjarni Benediktsson
Reykjavík.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

683-8338 - 8339 - 8340

CONSULATE GENERAL OF ICELAND
420 LEXINGTON AVENUE
NEW YORK, N. Y. 10017

25. maí 1967

Samkvæmt meðfylgjandi afriti af reikningsskilum, dags. 7. marz 1967, nam skuld forsætisráðherra $105.81.

Síðan hefur verið greitt eftirfarandi:

| | | |
|---|---|---|
| 1) | 4. apríl Subscription to the Atlantic Community | $12.00 |
| 2) | N. Y. Times Book Review, áskr.gjald | " 8.90 |
| 3) | Bók Crankshaws um Krúséff | " 7.50 |
| 4) | Artillery of the Press | " 3.95 |
| | Samtals | $32.35 |

Nemur því skuld forsætisráðherra á reikningi hans hjá Hannesi Kjartanssyni, aðalræðismanni, $138.16.

Síðasttaldar tvær bækur, sem beðið var um í bréfi forsætisráðherra, dags. 17. maí, til aðalræðismannsins, sendast hér með.

F. h. a.
Hannes Kristinsson

Forsætisráðuneytið,

R e y k j a v í k.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

CHARGE TO

Iceland Mission
420 Lexington Ave
NYC
TAX EXEMPT # 6799

X PURCHASER

| SOLD BY | DATE | KIND OF SALE | SHOP NO. | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 3/23 | CHG. | 304 | 5572-22 |

| | |
|---|---|
| Khrushchev's career (Viking) | 7.50 |
| + Artillery of Press. | 3.95 |
| | 11.45 |

NO CASH REFUNDS

| GIFT | X'MAS | CARD | SEPARATE |
|---|---|---|---|
| | | | |

| | |
|---|---|
| MERCHANDISE TOTAL | ~~7.50~~ |
| TAX | NT. |
| HANDLING | |
| TOTAL | 11.45 |

NO. OF ITEMS SENT

AD CODE

MERCH. CODE

DOUBLEDAY BOOK SHOP Grand Central Terminal 412 Lexington Avenue New York, N. Y. 10017 MU 9-8242

M-4-2/67 CUSTOMER'S COPY

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

CABLE ADDRESS:
ELDHAKA


**HANNES KJARTANSSON**

~~551 FIFTH AVENUE~~ 420 Lex.
NEW YORK 17, N. Y.

MURRAY HILL ~~2-5433~~ 3-8338


**S T A T E M E N T**

Mr. Bjarni Benediktsson
Prime Minister of Iceland
Reykjavik

March 7th, 1967

= = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = = =

| | Debit | Credit |
|---|---|---|
| DEBIT BALANCE AS AT OCTOBER 20, 1966 | 89.86 | |
| 1967 | | |
| March 7 "Peace & War" & "With Kennedy" | 15.95 | |
| DEBIT BALANCE AS AT MARCH 7, 1967 | $105.81 | |

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30 apríl 1967

Kæri mágur!

Um leið og ég óska þér til hamingju með afmælið, þakka ég þér hjartanlega, fyrir stórkostlega hjálp og umburðarlyndi, nýafstaðna daga.

Ásta Björnsdóttir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



afn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miss Edith J. Holgate
201 Crestmont Terrace
Collingswood, NJ 08108

16 Junio 1967

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4)

Forsætisráðherra

23. jan. 67

Hr. Svavar Sigurðsson

Ég þakka bréf dags. 17./12, sem barst mér í hendur fyrir nokkru og lét ég þá þegar hefja athuganir á efni þess. Þær athuganir hafa ~~(þó dregist)~~ tafist h.u.b. viku vegna fjarveru ~~og~~ aðila, sem upplýsingar ~~gát~~ þurfti að gefa.

Af hálfu Landsbankans er fullyrt, að Breiðdalsvíkur-verksmiðjan hafi beinlínis verið ívilnað um rekstrarlán miðað við aðra, t.d. Stöðvarfjörð og Djúpavog. Um þetta get ég ekki dæmt en þetta er sem sagt sögn Landsbankans hér eftir að samráð hefur verið haft við útibúið á Eskifirði. Jafnframt var því haldið fram, að Breiðdalsvík þyrfti á meira stofnláni að halda en um hefði verið aflað. Ekki skal standa á meðmælum mínum með því, ef næg

bankanum hafi eigi borist

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sögn hraust og skilyrði eru fyrir hendi.

Um bátasmíðina og afskifti útvegsbankans fékk eg meðfylgjandi greinargerð jafnframt því, sem fullyrt var að í þeim efnum hefði verið veitt alveg óvenjuleg fyrirgreiðsla, enda ætti málinu nú örugglega að vera borgið.

Ef eitthvað er missagt í þessum upplýsingum, er sem að gera að láta mig vita, svo að unt sé að kippa því í lag, sem misfarið kann að hafa.

Með bestu kveðjum

Herra Forsætisráðherra
Bjarni Benidiktsson.

Ég skrifa yður til að vekja athygli á sérstöku máli, er mér sýnist varða Sjálfstæðisflokkinn nokkru og þá byggðalagið hér í heild.

Páll Guðmundsson á Gilsárstekk hefur verið framkvæmdast. fyrir síldarverksmiðju hér á staðnum um nokkra ára skeið. Allir, er til Páls þekkja vita um hans heiðarleik og trúmennsku, einnig vitna hanns störf fyrir sjálfstæðisflokkinn um traustleika hans. Samt virðist svo, að strax og hann á í erfileikummeð rekstur verksmiðjunnar virðast öll sund lokuð fyrir hann, jafnvel fremur en með samskonar rekstur á næstu fjörðum.

Það sem mest hefur háð rekstri síldarverksmiðjunnar í ár er hráefnisskortur, þótt að sjálfsögðu að verðfall hafi haft sín áhrif. Aðeins einn bátur er gerður héðan út og lagði hann allan sinn afla upp hér, en lítið barst frá öðrum bátum. Í Stálvík h.f. við Arnarvog er í smíðum bátur fyrir hlutafélag hér, Áttum við fastlega von á að það skip kæmist á veiðar í september 1966, og er allt útlit fyrir að ef það hefði orðið, hefði rekstur verksmiðjunnar staðist, þó án afskrifta. Þessi bátur, sem í smíðum er, og átti að vera tilbúinn í september er ekki full búinn ennþá, hefur í allt sumar staðið á nokkurri greiðslu frá eigendum bátsins svo og nauðsynlegum leyfum frá bankastjórum Útvegsbanka Íslands.

Undirritaður fékk Pál á Gilsárstekk í lið með sér, í júlí í sumar, til að reyna að afla þessara þúsunda (38o þús.) sem ávantaði til að bátssmíðin gætihaldið áfram, en fengum hvergi fyrirgreiðslu. Nú þegar þetta er skrifað, er að vísu búið að borga þessar 38o þús. en samt er einhver fyrirstaða í bankanum.

Allt útlit er fyrir að rekstrarhalli síldarverksmiðjunnar verði í ár um ein miljón króna fyrir utan afskriftir. Í því sambandi má minna á, að Páll var búinn að selja fyrirfram eitt þús. tonn af síldarlýsi fyrir 8o £ tonnið en varð af þeirri sölu vegna þess, að verksmiðjan hafði aðeins framleitt þrjú hundruð tonn af lýsi þegar afgreiðsla átti að fara fram. Varð síðan að selja á 5o-6o£ tonnið. Mismunurinn á þessum sölum eru um 3 milj. ísl. kr.

Ég vil geta þess, að rekstrargrundvöllur þessarar verksmiðju ætti að vera betri en verksmiðja af sömu stærð á næstu fjörðum vegna minni stofnkostnaðar, eða um 4o prósent minni en á Djúpavogi og 8o-9o prósent minni en á Stöðvarfirði.

Mér er Kunnugt um, að Páll hefur fengið helmingi minna lán úr atvinnuleysistryggingasjóði en hver áðurnefnd verksmiðja, þótt hann hafi leitað eftir samsvarandi upphæð.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vil ég benda á, að Páll Guðmundsson,sem aldrei hefur viljað vamm sitt vita, er algerlega að brotna saman undan áhyggjum og er að gefast upp, hann sagði mér í dag, að viðskiptabanki verksmiðjunnar neitaði sér um fullnaðargreiðslur til bátanna er lagt hafa upp afla hér og einnig um að ljúka greiðslum vegna vinnulauna. Er þetta algjör dauðadómur á verksmiðjuna og þá um leið á byggðalagið. Virðist þetta all harðleikið þar sem bankinn fær um eina miljón króna í vexti frá þessu fyrirtæki árlega.

Sverrir Hermannsson viðskiptafr. hefur verið okkar aðal hjálparhella í Reykjavík, bæði í sambandi við síldarverksmiðjuna og einsmeð smíði bátsins og veit hann best um þessi mál. En ég get fullvissað yður um, aðnáist ekki báturinn, sem í smíðum er, hingað, verður verksmiðjurekstur hér mjög erfiður, því það þarf tvo til þrjá báta til að mata verksmiðjuna.

Framtíð byggðalagsins er undir því komið, að allur rekstur gangi eðlilega ákomandi ári, og ég tel að byggðalagið hafi tilverurétt þar sem beinn útflutningur héðan vará síðastliðnu ári yfir þrjátíu miljónir króna.

Ég er ekki með þessu bréfi að biðja um neitt gjafafé, heldur aðeins að benda á, þörf þessa byggðalags fyrir eðlilegu lánsog rekstrarfé til að skapa traustan grundvöll þeirra fyrirtækja sem starfa hér nú. Páll Guðmundsson á ekki skilið að þurfa að starfa við svo þröngan kost að hann bíði tjón af.

Að lokum vil ég geta þess, að margir Sjálfstæðismenn sem ég hef talað við hér á suðurfjörðunum hafa látið í ljósi mikinn áhuga á að fá Pétur Benidiktsson bankast. sem fyrsta mann á lista sjálfstæðisflokksins í Austurlandskjördæmi. Myndi sú ráðstöfun hafa orðið mjög til góðs..

Virðingarfyllst

Breiðdalsvík 17/12 1966

Svanur Sigurðsson

Svanur Sigurðsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér á eftir fer greinargerð um bráðabirgðalánveitingu frá hendi Útvegsbanka Íslands út á lán frá Fiskveiðasjóði Íslands, er veitt verður vegna fiskiskips-nýbyggingar Braga h.f., Breiðdalsvík, hjá Stálvík h.f., Garðahreppi.

Eins og meðfylgjandi yfirlit ber með sér á eigið framlag Braga h.f. að vera kr. 3.146.586,00, en þetta yfirlit var samið 7/6 1966 af forstjóra Fiskveiðasjóðs Íslands.

Hafði þá sjóðurinn sjálfur lánað 2 milj. kr. og bankinn eitthvað.

Stjórn Braga h.f. hafði ekki er hér var komið gert grein fyrir eigin framlagi sínu þannig að Útvegsbankinn teldi fullnægjandi, en þetta er að sjálfsögðu það fyrsta sem athuga þarf.

Hefur staðið á þessu til skamms tíma.

Fyrst á peningaframlagi kr. 380.000,00, sem innt var af hendi fyrst 11/11 1966.

Vantaði þá 230.000,00 kr. til þess að fyrir eigin framlagi væri gerð full grein.

Taldi stjórn Braga h.f., að Sturlaugur Jónsson, vélasali ætlaði að lána félaginu 230.000,00 kr. af kaupverði véla skipsins.

Þetta loforð lá ekki skriflega fyrir og neitaði Sturlaugur, að það hefði nokkru sinni verið gefið.

Hvað sem þessu líður, var aldrei lögð fram yfirlýsing frá Sturlaugi um þetta efni, svo að þessa upphæð vantaði ennþá upp á eigið framlag.

Hinn 21/12´66 greiddi félagið svo 130.000,00 kr. af þessari upphæð.

Jafnframt afhenti félagið víxil kr. 100.000,00 samþ. af Jóni G. Hafdal, Hafnarfirði, er greiðast átti 31/12 1966.

Upphæð þessi átti að ganga til Stálvíkur h.f. upp í eigið framlag til skipsbyggingarinnar.

Mun hún nú komin í hendur Stálvíkur h.f., þó bankanum hafi eigi borist tilkynning um að svo sé.

Tafir í þessu máli stafa því af því, að stjórn Braga h.f. hefur eigi tekist að leggja fram tilskilið eigið framlag til smíði skipsins fyrr en nú, sem á að vera það fyrsta, sem viðskiftabanki á að fá staðfest.

Bankinn hefur því lánað örar en efni stóðu til og hefur nú verið keyptur víxill kr. 2.000.000,00.

Eru þá aðeins eftir að veita um 300.000,00 kr. af bráðabirgðaláni bankans út á Fiskveiðasjóðslánið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# LANDSSÍMI



# ÍSLANDS

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# SÍMSKEYTI

frá Reykjavík — Nr. 15829

74 orð — 30/4 1967 kl. 1600.

Dr.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra

Háuhlíð 14,

Reykjavík.

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík sendir þér innilegustu afmælisóskir og þakkar af alhug trausta og hiklausa forystu þína og baráttu fyrir bættum hag alþjóðar og betra Íslandi. Það væntir þess að geta sýnt þér nokkurn vott þakklætisins með þróttmiklu og árangursríku starfi í þeirri kosningabaráttu sem nú er háð og með því veitt þér og flokki okkar verðugan sigur 11. júní næstkomandi.

Fyrir hönd stjórnar fulltrúaráðsins.

Baldvin Tryggvason.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3944 - 52 Ave
Red Deer; Alta
25. maí 1967

Dr. Bjarni Benediktsson,
forsætisráðherra
Ríkisstjórn Íslands
REYKJAVÍK.

Kæri Bjarni:
ég minnist þess þegar þú varst hér á ferð fyrir tæpum 2 árum að þér fannst skrítið hversu erfiðlega þér gekk að finna stuðningsmenn eða flokksbræður Ernest C. Mannings forsætisráðherra í Alberta, en flokkur hans Social Credit skipaði þá að mig minnir 62 af 65 þingsætum Albertaþings. Skýring á þessu kann að vera sú að menn kjósa hér oft öðru vísi til Kanadaþings en til fylkisþings, en

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar þú varst hér um kosningar til Kanada þings að mig minnir nýafstaðnar en þar var aðal-baráttan á milli Pearsons og Diefenbakers, þótt reyndar Social Credit legði fram í Alberta, British Columbia og Quebec, og meir að segja í Red Deer Constituency Robert Thompson frá Social Credit hlaut kosningu. Hvað sem því líður, er samt svo að sjá sem Manning sé ekki alveg af baki dottinn, í kosningunum, sem hér fóru fram til ~~Kanada~~ Alberta-þings s.l. þriðjudag 23. maí, hlaut flokkur Mannings 44% af

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2)

"Popular Vote" og 55 þingmenn kosna. Conservatívar, sem ekki áttu neinn þingmann komu nú 6 að og fengu 27% af "Popular Vote". Liberalir héldu þingmannatölu sinni (3) en fylgi þeirra hrapaði úr 20% niður í 11%. New Democratic Party, sem er bræðingur af krötum, rússa-kommum, kína-kommum og þaðan af verra missti þann eina þingmann, sem þeir komu að í aukakosningu nýlega en fylgi þeirra óx úr 9% upp í 16%. Fyrir kosningar voru sterkar raddir uppi um það að þingfylgi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mannings væri of mikil og
að stjórnarandstaðan þyrfti
að vera sterkari. Verður ekki
annað sagt en að útkoman
hafi líka orðið sú, að nokkru
en á þann hátt að kjósendur
„wanted to play it safe" með
því að efla conservativa enda
þótt Social Credit sé líka hægri
flokkur. Almennt er viður-
kennt að stjórn Mannings hafi
verið framsýn og farsæl en
þetta eru sjöundu kosningarnar
sem hann sigrar í. Við
sama tækifæri fór fram þjóðar
atkvæðagreiðsla um hvort

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3) tillaan skyldi upp "Day-Light-Saving-Time" í Alberta og var það fellt með 226 þúsund atkvæðum gegn 210 þúsund. Er Alberta nú eina fylkið í Kanada, sem ekki hefir sumar-tíma. Eru borgarbúar hlynntir sumartíma, en bændur andvígir.

Hér er mikið talað um Expo þessa dagana, aðsókn þangað mikil og var Johnson forseti Bandaríkjanna þar í dag. Ekki er því að neita að kostnaðarsömt er hún þessi sýning og fimmst örrum nóg um eins

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og meðfylgjandi "Cartoon".
gefur í skyn, en Kanadastjór-
nin mun vera búin að borga
út $250 milljónir vegna
þessara framkvæmda og til-
stands í Montreal, en telja
allir að geta orðið talsvert
en engan veginn fyrir kostnaði
sem kannske þarf ekki heldur.
Nú eru framundan kosningar
á Íslandi í júní og ef að
vanda lætur verður kosninga-
baráttan þar snarpari en
hér, óskum við þér og stuðnings-
mönnum þínum gæfu og góðs
árangurs í þeirri baráttu
og að Ísland megi njóta forystu
þinnar. Með bestu kveðjum
Þórunn og Sveinn Þórðarson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur